Styrmir Guðlaugsson, grein 7 af 7. Morgunpósturinn (HP) 12. desember 1994.



Umræðan um Guðmundar- og Geirfinnsmálin hefur blossað upp á þessu ári, ekki síst síðustu vikurnar. Fyrir liggur að sérstakur saksóknari verður skipaður til að fjalla um kröfu **Sævars M. Ciesielskis** um að málið verði endurupptekið fyrir Hæstarétti. Hvarf mannanna tveggja og rannsóknin sem fylgdi í kjölfarið skók íslenskt samfélag á áttunda áratugnum og svo virðist sem snarpir eftirskjálftar séu enn að gera vart við sig



**Leirfinnur var huldumaðurinn kallaður sem Geirfinnur mælti sér mót við kvöldið sem hann hvarf. Þessi leirstytta var gerð eftir lýsingum vitna en maðurinn hefur aldrei fundist. Gagnrýni á rannsókn Geirfinnsmálsins og dómsniðurstöðuna byggir ekki síst á þeirri staðreynd.**

# Dularfyllsta sakamál aldarinnar

Barátta **Sævars Marinós Ciesielskis** fyrir því að fá æru sína hreinsaða af því að hafa átt þátt í hvarfi tveggja manna um miðjan áttunda áratuginn hefur staðið allt frá því að kveðinn var upp dómur í Sakadómi Reykjavíkur skömmu fyrir jólin 1977. Á Litla-Hrauni, þar sem Sævar og fleiri sakborningar tóku út sinn dóm, sökkti hann sér ofan í málsskjölin og reyndi að sjá út leiðir til að fá dómstóla til að taka málin til umfjöllunar á nýjan leik. Nú, um það bil tuttugu árum eftir mannshvörfin og tíu árum eftir að Sævar fékk aftur frelsi, virðist barátta hans vera að skila einhverjum árangri.

Sævar fékk því framgengt snemma í haust að sérstakur saksóknari verði skipaður til að fjalla um beiðni hans um endurupptöku málsins. Í framhaldi af því skilaði hann dómsmálaráðherra ítarlegri greinargerð þar sem hann gagnrýnir rannsókn mannshvarfanna lið fyrir lið og reynir að sýna fram á þá fullyrðingu sína að saklaust fólk hafi verið dæmt fyrir manndráp — réttarmorð hafi verið framið. Í framhaldi af því hafa fjölmiðlar sýnt máli hans áhuga, en höfðu flestir þagað þunnu hljóði allt frá því Hæstiréttur kvað upp sinn dóm skömmu fyrir jólin 1980. Það er því ljóst að náið verður fylgst með því hvort krafa Sævars verði tekin til réttlátrar og rækilegrar skoðunar.

Almenningur sýnir baráttu Sævars einnig vaxandi áhuga, en margir af yngri kynslóðinni muna ekki þennan tíma og farið er að fenna yfir margt því sem þeir eldri upplifðu. Það er því ástæða til að rifja upp þessi mál, sem skóku íslenskt samfélag um og upp úr miðjum áttunda áratugnum og kölluð voru Guðmundar- og Geirfinnsmálin.

## *Ungmenni sökuð um tvöfalt manndráp*

Aðfaranótt 27. janúar 1974 hvarf ungur piltur, **Guðmundur Einarsson**, sporlaust eftir að hafa verið að skemmta sér í Hafnarfirði og kom upp sá kvittur að honum hefði verið komið fyrir. Lengi vel var þó unnið út frá þeirri kenningu að Guðmundur hefði orðið úti.

Í desember sama ár komst svo upp um póstsvik Sævars og **Erlu Bolladóttur**, sambýlisfólks sem hafði vafasamt orð á sér, og voru þau sett í varðhald vegna þess. Undir jól greindi Erla lögreglunni frá grunsamlegum pokaburði á heimili sínu um miðja nótt sem tengt var hvarfi Guðmundar. Sævar tók undir framburð Erlu að einhverju leyti og í framhaldinu voru **Kristján Viðar Viðarsson**, **Tryggvi Rúnar Leifsson** og **Albert Klahn Skaftason** hnepptir í gæsluvarðhald vegna málsins.



**Erla Bolladóttir var helsta vitni ákæruvaldsins og framburður hennar var lagður til grundvallar þegar játningar annarra sakborninga voru metnar af dómstólum. Hún var dæmd til þriggja ára fangelsisvistar, einkum fyrir meinsæri, en hún var sögð hafa bendlað saklausa menn við hvarf Geirfinns sem sátu í varðhaldi mánuðum saman.**

Í byrjun nýs árs, 1976, voru játningar þeirra allra taldar liggja fyrir um að Guðmundur hafi látist í átökum í íbúð Erlu í Hafnarfirði. Nokkrum dögum síðar, 11. janúar, lýsti Sævar hins vegar yfir fyrir dómi að framburður hans hafi verið rangur og játning hans verið þvinguð fram með harðræði. Þótt gögn sýni þetta var afturköllun Sævars á játningunni ekki færð til bókar, þar sem rannsóknardómarinn taldi sig vita betur, sem braut í bága við lög.

Seinna í mánuðinum var farið að rannsaka hvort þessi hópur ætti þátt í dularfullu hvarfi **Geirfinns Einarssonar** 19. nóvember 1974. Þau bentu á fjóra þekkta menn sem flestir tengdust skemmtistaðnum Klúbbnum, þá **Sigurbjörn Eiríksson**, **Magnús Leópoldsson**, **Valdimar Olsen** og **Einar Bollason**, hálfbróður Erlu, og voru þeir settir í varðhald í Síðumúlafangelsinu með hinum.

Næstu mánuði var framburður ungmennanna mjög á reiki og játningar gerðar út og suður og þær dregnar til baka nánast jafnóðum. Frá því í árslok 1975 til vors 1976 var einkum byggt á vitnisburði Erlu en hún gekk þá laus og bar vitni í báðum málum. En í maí játaði hún á sig að hafa ein banað Geirfinni þannig að rannsóknin fór upp í loft enn og aftur. Kristján sagðist hins vegar hafa banað Guðmundi. Rannsóknarmönnum var vísað á ýmsa staði þar sem líkin höfðu átt að vera grafin og sífellt komu nýjar sögur frá sakborningunum. Hvorki gekk né rak að finna áþreifanleg sönnunargögn sem studdu einhverjar sagnanna.

## *Lögreglumaður á eftirlaunum átti að bjarga rannsókninni*

Um vorið var Klúbbsmönnunum sleppt úr haldi, enda sýnt að þeir hefðu ekki átt neinn þátt í hvarfi Geirfinns. Það hafði þótt styrkja framburð ungmennanna að þeir voru grunaðir um aðild að stórum smyglhring sem Geirfinnur á að hafa tengst. Skaðabótamál spunnust út af gæsluvarðhaldsvist þeirra og voru fjórmenningunum dæmdar í kringum 200 þúsund krónur hverjum og einum í bætur auk vaxta. Það styrkti grun manna á að þessi hópur væri viðriðinn málið að leirstytta sem gerð var eftir lýsingum vitna þótti líkjast Magnúsi verulega. Huldumaðurinn, sem styttan átti að líkjast, gekk undir nafninu Leirfinnur. Viðkomandi hringdi í Geirfinn úr Hafnarbúðinni kvöldið sem hann hvarf og mælti sér mót við hann. Aldrei hefur verið upplýst hver þessi maður var.

Sævar staðhæfði í viðtali við *Eintak* fyrr á þessu ári að það hafi verið að undirlagi rannsóknarmannanna að Klúbbsmennirnir voru bendlaðir við málið. Hvað sem um það má segja þóttu þessi mistök rannsóknarmannanna stórfelld og ófyrirgefanleg sem varð til þess að þrýstingur á þá jókst til muna. Nú þurftu þeir að bæta fyrir mistökin með því að sýna skjótan árangur. Ásakanir á hendur Framsóknarflokknum um fjármálaleg tengsl við Klúbbinn, á sama tíma og eigandinn sat í gæsluvarðhaldi grunaður um morð, varð til þess að allt þjóðfélagið var í uppnámi. Skipulag löggreglu- og dómsmála var þá með öðrum hætti en nú þannig að dómstólar höfðu puttana í rannsókninni sem leiddi til þess að sífellt voru á kreiki sögur um að verið væri að halda einhverju leyndu. Svo rammt kvað að þessu að þess var krafist að **Ólafur Jóhannesson**, þáverandi dómsmálaráðherra, viki úr embætti.

Það var við þessar aðstæður, í ágúst 1976, sem þýskur rannsóknarforingi á eftirlaunum, **Karl Schütz**, var fenginn hingað til lands til að stjórna rannsókninni. Hans hlutverk var ekki síst það að koma málinu heim og saman, reyna að sjá í gegnum misvísandi framburð og játningar í allar áttir. Eftir að Schütz tók við stjórnvölinum var **Guðjón Skarphéðinsson** handtekinn vegna Geirfinnsmálsins og játaði hann aðild sína að hvarfi hans. Í janúar 1977 lauk svo rannsókn undir stjórn Þjóðverjans eftir sviðsetningu atburða við Dráttarbrautina í Keflavík, þar sem rannsóknarmennirnir töldu að Geirfinni hafi verið ráðinn bani.



**Geirfinnur Einarsson var búsettur í Keflavík og hvarf frá heimili sínu að kvöldi 19. nóvember 1974 og síðan hefur ekkert til hans spurst. Sævar, Kristján Viðar og Guðjón Skarphéðinsson voru dæmdir fyrir að hafa orðið honum að bana.**

Í mars nefndi Sævar nýtt vitni til sögunnar í Guðmundarmálinu en tók framburð sinn aftur í heild fyrir dómi undir lok mánaðarins, enda hélt hann því fram að játningarnar hefðu verið knúðar fram með harðræði. Það sama gerðu Tryggvi og Kristján. Erla gekkst ekki heldur við fyrri framburði sínum og sagðist ekkert vita um afdrif Geirfinns og Guðmundar. Guðjón einn dró ekki sinn framburð til baka.

## *Undirréttur dæmir Sævar og Kristján í lífstíðarfangelsi*

Eftir að rannsókninni á hvarfi Geirfinns og Guðmundar lauk lágu fyrir játningar sem voru misvísandi og í flestum tilvikum búið að draga til baka. Sögurnar voru margar og lágu í ótal áttir. Rannsóknarmenninrnir töldu sig hins vegar sjá þráð í gegnum þær allar sem sýndu fram á sekt. Engin áþreifanleg sönnunargögn lágu fyrir til að styðja þá niðurstöðu, hvorki lík, morðvopn né annað. Blóðblettir höfðu fundist á nokkrum stöðum sem gátu hugsanlega verið úr Guðmundi án þess

Styrmir, grein 7 af 7, framhald.



að nokkuð hafi verið hægt að fullyrða um það. Hlutverk dómstóla var því að leggja mat á gildi játninganna og þann þráð sem rannsóknarmennirnir töldu að tengdu þær.

Dæmt var í Geirfinns- og Guðmundarmálunum í Sakadómi Reykjavíkur 19. desember 1977 og voru þá kveðnir upp þyngstu dómar aldarinnar. Niðurstaða dómaranna, **Ármanns Kristinssonar**, **Haraldar Henryssonar** og **Gunnlaugs Briem** dómsformanns, var sú að Sævar og Kristján Viðar skyldu sitja ævilangt í fangelsi, Tryggvi Rúnar í 16 ár, Guðjón Skarphéðinsson í 12 ár, Erla Bolladóttir í 3 ár og Albert Klahn í 15 mánuði.

Í febrúar 1980 kvað Hæstiréttur svo upp sinn dóm. Það kom í hlut hæstaréttardómaranna **Björns Sveinbjörnssonar**, **Ármanns Snævarr**, **Benedikts Sigurjónssonar**, **Loga Einarssonar** og **Þórs Vilhjálmssonar** að leggja mat á rannsóknarniðurstöðurnar.

Þeir milduðu dómana yfir Sævari og Kristjáni Viðari þannig að sá fyrrnefndi fékk 17 ára fangelsi en sá síðarnefndi 16 ára. Dómurinn yfir Tryggva Rúnari var styttur í 13 ár, Guðjóni í 10 ár og Alberti Klahn í 12 mánuði. Hann var hins vegar staðfestur yfir Erlu Bolladóttur.

Í forsendum dóms Hæstaréttar segir að ekki sé mark takandi á því að sakborningar hafi dregið framburð sinn til baka. Eins og fram kom í **MORGUNPÓSTINUM** síðastliðinn fimmtudag var það meðal annars á þeim forsendum að þær hafi ekki verið dregnar til baka fyrr en á árinu 1977. Samt lá fyrir bréf frá einum stjórnenda rannsóknarinnar, **Erni Höskuldssyni** dómarafulltrúa, að hann hefði ekki tekið mark á afturköllun Sævars á játningum sínum í þinghaldi 11. janúar 1976, fimm dögum eftir að þær lágu fyrir.

Sakborningar í Geirfinns- og Guðmundarmálunum voru á aldrinum sautján til nítján ára þegar Geirfinnur Einarsson og Guðmundur Einarsson hurfu sporlaust, ef undan er skilinn Guðjón Skarphéðinsson sem var rúmlega þrítugur.

### *Umdeild rannsókn á ásökunum um harðræði*

Þann 11. október 1979 lauk rannsókn á meintu harðræði sem Sævar taldi sig hafa verið beittan í Síðumúlafangelsinu við rannsóknina. **Þórir Oddsson**, vararannsóknarlögreglustjóri, var fenginn til að annast rannsóknina og var þá jafnframt skipaður rannsóknarlögreglustjóri ríkisins um tíma í stað **Hallvarðs Einvarðssonar**. Hallvarður var einn af stjórnendum rannsóknarinnar á mannshvörfunum en þá var hann vararíkissaksóknari.

Þá og síðar hefur mjög verið gagnrýnt að Þórir hafi verið fenginn til að rannsaka ávirðingar sem bornar voru á raunverulegan yfirmann hans og jafnframt undirmenn í rannsóknarlögregluliðinu. Rökin fyrir því að Þórir var talinn hæfur til að takast á hendur þessa rannsókn voru þau að hann hafði dvalist erlendis og ekki komið nálægt rannsókn mannshvarfanna. Horft var framhjá tengslum hans við þá sem lágu undir sök Sævars.

Það kom svo í hlut Hæstaréttar að meta rannsókn Þóris, sem var án raunverulegrar niðurstöðu. Enginn var sakfelldur en í dómi Hæstaréttar var einn af yfirmönnum Síðumúlafangelsisins, **Gunnar Guðmundsson** yfirfangavörður, ávíttur fyrir að hafa lostið Sævar kinnhesti. Þá er talað um í dómnum að ekki hafi alltaf verið beitt réttum rannsóknaraðferðum og sérstaklega tilgreint að stundum hafi yfirheyrslur staðið lengur en lögboðið sex tíma hámark. Þá hafi verjendur ekki verið tiltækir í öllum tilvikum sem rétt hefði verið að þeir væru viðstaddir.

Við rannsóknina báru nokkrir fangaverðir vitni og upplýstu um nokkur atriði sem Hæstiréttur tók ekki til greina. **Kjartan Kjartansson** lýsti atviki þar sem Sævar hafði verið „svínbeygður" við yfirheyrslu, eins og hann orðaði það. **Jóna Sigurjónsdóttir** greindi frá því að Gunnar hefði fyrirskipað að haldið skyldi vöku fyrir Sævari og Tryggva Rúnari strax eftir að hann ræddi við Örn Höskuldsson í síma. Þá hafi Sævar verið tuskaður til og ljós stöðugt látið loga í klefa hans og sakborningar hafi orðið fyrir margs konar annarri áreitni fangavarða. Einnig bar **Guðrún Óskarsdóttir** að hún hefði oftar en einu sinni heyrt pústra á meðan verið var að yfirheyra Sævar. Þessi framburður var ekki talinn marktækur. Þá báru fleiri en einn fangavörður að þeir hafi verið fengnir til að veiða upp úr föngunum það sem þeir gætu og skýra rannsóknarmönnunum eða Gunnari Guðmundssyni frá því hvers þeir yrðu vísari. Þetta var þeim óheimilt að gera.

**Hlynur Þór Magnússon**, fangavörður, var ekki kallaður til vitnis við harðræðisrannsóknina. Í viðtali við *Eintak* í apríl á þessu ári hafði hann ófagra sögu að segja. Þar lýsti hann því hvernig skipulega var reynt að brjóta sakborningana niður. „Rannsóknarmennirnir og fangaverðirnir trúðu því að það væri öllum fyrir bestu að klára rannsóknina," sagði hann, „og hugsuðu sem svo að nauðsyn bryti lög, eins og stundum er sagt. Skipulega var reynt að brjóta sakborningana niður og nánast allt var talið réttlætanlegt til að leysa málið sem fyrst og þá var sama hvaða aðferðum var beitt til þess. Ég vil taka það fram að fangaverðir beittu ekki harðræði að eigin frumkvæði heldur kom það frá rannsóknarmönnunum. Fangaverðirnir voru hundarnir sem þeir siguðu."

Hlynur tiltók dæmi máli sínu til stuðnings. Sævar hafi verið hræddur með því að fangaverðir gerðu sig líklega til að drekkja honum í þvottavaski með því að kaffæra hann. Þannig hafi verið spilað á vatnshræðslu hans. Einnig hafi verið logið að sakborningunum í því skyni að brjóta þá niður og fá þá til að játa. Þeim hafi verið gefnir gríðarlegir skammtar af lyfjum til að slæva dómgreindina og háreysti höfð uppi til að halda vöku fyrir þeim. Þessi framburður Hlyns mun að öllum líkindum styrkja kröfu Sævars um endurupptöku málsins því hann telst til nýrra gagna.

### *Efasemdir um niðurstöðu dómstólanna*

Fjölmiðlar voru undirlagðir umfjöllun um rannsóknina á hvarfi Guðmundar og Geirfinns árum saman. Þar bar flest að sama brunni - - búið var að fella dóm yfir sakborningunum fyrirfram. Í leiðara *Morgunblaðsins* skömmu fyrir uppkvaðningu dóms í Sakadómi Reykjavíkur í desember 1977 var til dæmis krafist lífstíðarfangelsis. Og ritstjórunum varð að ósk sinni.

Frá þeim tíma hafa verið ritaðar tvær bækur um Guðmundar- og Geirfinnsmálin. Gamall kennari Sævars, **Stefán Unnsteinsson**, sendi frá sér bókina Stattu þig drengur!, árið 1980, og gagnrýndi rannsóknina á ýmsa lund. Það gerði einnig **Þorsteinn Antonsson** í sinni bók, Áminntur um sannsögli, sem út kom fyrir þremur árum eftir langan undirbúning og mikla yfirlegu. Þá hefur **Viðar Víkingsson**, kvikmyndagerðarmaður, lagt drög að kvikmyndahandriti um þessi mál. Hann komst að svipaðri niðurstöðu og Stefán og Þorsteinn eftir að hafa sökkt sér ofan í málsgögnin.

Eitt merkilegasta innleggið í þessa umræðu er þó ítarleg grein sem birtist í *Mannlífi* árið 1987 eftir **William O'Connor**, Íra sem búsettur hafði verið hér frá árinu 1973. Hann hafði fylgst með málinu frá upphafi og lagt margra ára vinnu í að kynna sér málsgögnin, auk þess sem hann ræddi við sakborninga, lögmenn, vitni og marga fleiri sem nálægt málinu komu. Hans niðurstaða var sú sama og hinna, að saklaust fólk hafi verið dæmt.

O'Connor staldraði sérstaklega við hinn dularfulla mann, sem Geirfinnur hafði mælt sér mót við kvöldið sem hann hvarf, Leirfinn. O'Connor er sannfærður um að Leirfinnur sé týndi hlekkurinn í Geirfinnsmálinu og segir orðrétt:

„Allar líkur benda til þess að hann eigi aðild að hvarfi Geirfinns Einarssonar. Niðurstaðan var hins vegar sú að hipparnir voru dæmdir fyrir morð en þessi maður leikur lausum hala og er eilíf ráðgáta: Þrír menn voru ákærðir fyrir morð án þess að vitað sé til að þeir hafi haft nokkurt samband við hið meinta fórnarlamb sem hins vegar er vitað að átti stefnumót við einhvern annan raunverulega á sömu stundu og þeir áttu að hafa drepið hann. Þetta óvenjulega ósamræmi ætti að vera flestum næg ástæða til að staldra við. Dæmin um ósamrýmanleg efnisatriði í Geirfinnsmálinu eru þó mun fleiri."

Í mars síðastliðnum hófst svo umfjöllun í vikublaðinu *Eintaki* um Guðmundar- og Geirfinnsmálin sem stóð fram á sumar. Þar lýstu fjölmargir efasemdum sínum um sekt sakborninganna. Og þjóðin virðist líka efast. Bent var á að sá möguleiki að réttarmorð hafi verið framið sé eins og opin und í þjóðarsálinni og þess vegna verði að kanna eins ítarlega og hægt er hvort sú hafi verið raunin eða ekki. Það sjónarmið er einnig áberandi að burtséð frá sekt og sýknu hafi meðferð Guðmundar- og Geirfinnsmálanna hjá lögreglu og dómstólum verið með þeim endemum að óhjákvæmilegt sé annað en að fara rækilega ofan í saumana á því.

Eftir að Sævar skilaði dómsmálaráðherra ítarlegri skýrslu fyrir nokkrum vikum fór umræðan af stað aftur og heldur væntanlega áfram þar til þjóðin hefur annað hvort verið sannfærð um sekt sakborninganna eða þeir sýknaðir.

**Styrmir Guðlaugsson**



**Sævar Marinó Ciesielski var dæmdur í lífstíðarfangelsi í Sakadómi Reykjavíkur skömmu fyrir jól 1977 en Hæstiréttur mildaði refsinguna í sautján ár rúmum tveimur árum síðar.**



**Guðmundur Einarsson hvarf aðfaranótt 26. janúar 1974 eftir að hafa verið að skemmta sér í Hafnarfirði. Lík hans hefur aldrei fundist en Sævar M. Ciesielski, Kristján Viðar Viðarsson og Tryggvi Rúnar Leifsson voru sakfelldir fyrir að hafa verið valdir að dauða hans í átökum um nóttina. Albert Klahn Skaftason hlaut einnig dóm fyrir að hafa aðstoðað þá við líkflutningana.**



**Kristján Viðar Viðarsson var úrskurðaður í lífstíðarfangelsi í undirrétti eins og Sævar en niðurstaða Hæstaréttar var sú að hann skyldi sitja inni í sextán ár.**

## Sérstakur saksóknari, sem skipaður verður til að fjalla um kröfu Sævars M. Ciesielskis, kemur til með að standa frammi fyrir ótal álitamálum

# Sek eða saklaus?

**Fjölmörg** atriði hljóta að koma til skoðunar hjá sérstökum saksóknara, sem skipaður verður til að fjalla um kröfu Sævars M. Ciesielskis um að Guðmundar- og Geirfinnsmálin verði endurupptekin. Saksóknarinn mun síðan skila Hæstarétti greinargerð ásamt tillögum um hvað gera skuli, eins og lög gera ráð fyrir. Spurningin um sekt og sakleysi er þó ekki það eina sem saksóknarinn þarf að taka afstöðu til. Hann þarf einnig að skera úr um hvort rannsóknin og málsmeðferðin sjálf hafi verið með eðlilegum hætti og innan ramma laganna. Hér á eftir eru rakin nokkur álitamál sem hann mun standa frammi fyrir. Þau eru þó margfalt fleiri.

**Engin** áþreifanleg sönnunargögn studdu játningar sakborninganna. Hvorki fundust lík, morðvopn né annað það sem gæti tengt þá hvarfi Guðmundar og Geirfinns. Niðurstaða Sakadóms og Hæstaréttar byggðust því nær alfarið á játningunum.

**Leirfinnur** gengur laus. Allar líkur benda til þess að maðurinn, sem Geirfinnur mælti sér mót við að kvöldi 19. nóvember 1974, eigi aðild að hvarfi hans. Ýmsar getgátur voru og eru uppi um hver þessi óþekkti maður á bak við leirstyttuna sé en ljóst er að hann er lykillinn að lausn málsins. Hvorki lýsing sjónarvotta á manninum né leirstyttan líktist neinum sakborninga.

**Þrír menn** voru ákærðir og dæmdir fyrir að hafa orðið Geirfinni að bana. Á sömu stundu og þeir áttu að hafa myrt Geirfinn átti hann stefnumót við „Leirfinn". Allt er hins vegar á huldu um samband Geirfinns og sakborninganna þannig að mótívið, eða morðástæðan, sem ákæruvaldið lagði upp með er reist á afar veikum grunni.

**Aðrir** sakborningar hafa ekki tekið þátt í baráttu Sævars, en þeir hafa hins vegar, allir nema einn, lýst yfir sakleysi sínu, bæði fyrir dómi og eins í bókum og fjölmiðlum.

**Guðjón** Skarphéðinsson, einn sakborninganna, hefur aldrei dregið jatningar sínar til baka. Þegar játningar Guðjóns eru skoðaðar bendir þó flest til þess að hann hafi ekki tekið mark á þeim sjálfur.

**Rannsókn** á meintu harðræði rannsóknarmanna og fangavarða í garð sakborninga var stjórnað af Þóri Oddssyni vararannsókarlögreglustjóra. Honum var því gert að rannsaka ávirðingar bornar á yfirmann sinn jafnt og undirmenn. Niðurstaðan var sú að Sævar hefði einu sinni verið lostinn kinnhesti.

**Fangavörður**, sem ekki var látinn bera vitni við harðræðisrannsóknina, fullyrti síðar að sakborningar hafi verið pyntaðir til að játa á sig sakir. Framburður annarra fangavarða, sem báru vitni, var að engu hafður.

**Talsmaður** Amnesty International hefur lýst yfir að samtökin skærust í leikinn ef rannsóknin færi fram í dag með þeim hætti sem raun bar vitni. Einagrun í meira en tvö ár jaðrar við pyntingar að mati samtakanna og játningar gefnar við þær aðstæður marklitlar.

**Í dómi** Hæstaréttar er að finna þá röngu fullyrðingu, að játningar hafi ekki verið dregnar til baka fyrr en löngu eftir að þær voru gefnar. Málsgögn sýna að það er ekki rétt því Sævar dró játningu sína í Guðmundarmálinu til baka fimm dögum eftir að hann gaf hana. Rannsóknardómarinn, Örn Höskuldsson, taldi sig hins vegar ekki þurfa að taka mark á afturköllun játningarinnar þar sem hann taldi sig vita betur. Þess vegna færði hann framburð Sævars um það ekki til bókar, eins og honum var skylt. Þetta viðurkenndi hann síðar.

**Sterkar** vísbendingar, sem benda til þess að Sævar hafi haft fullgilda fjarvistarsönnun kvöldið sem Guðmundur hvarf, voru ekki rannsakaðar sérstaklega þrátt fyrir að þær væri að finna í gömlum lögregluskýrslum vegna annars sakamáls.

**Þrýstingurinn** á rannsóknarmennina var gríðarlegur. Stjórnmálamenn, fjölmiðlar og almenningur kröfðust sakfellingar. Umfjöllun fjölmiðla var þeim hætti að þeir voru búnir að sakfella sakborningana fyrirfram. Þegar í ljós koma að fjórir menn höfðu setið í gæsluvarðhaldi mánuðum saman án þess og sleppt svo og greiddar skaðabætur jókst þrýstingurinn til muna á að málið yrði leyst.

**Yfirlögregluþjónn** og sakadómari skrifuðu hvor um sig skýrslur undir lok rannsóknarinnar þar sem þeir drógu stórlega í efa sekt sakborninga. Þessar skýrslur voru ekki lagðar fram fyrir dómi en það er athyglisvert að sami sakadómari átti þátt í að kveða upp lífstíðardóm yfir tveimur sakborninganna. Þessar skýrslur voru aldrei lagðar fyrir dómstóla en fundust á Þjóðskjalasafninu fyrr á þessu ári.

**Fjöldi** gagna er horfinn úr gögnum málsins. Af númerakerfinu má ráða að tugir blaðsíðna voru teknar úr möppunum áður en ákæruvaldið lagði málin fyrir dómstóla. Allt er á huldu hvað í þeim gögnum er að finna.

Halda mætti lengi áfram en hér verður látið staðar numið.

-SG

Jón Daníelsson, grein 1 af 9. Helgarpósturinn (HP) 7. maí 1997.



# Ragnar Hall sagði Hæstarétti ósatt



Sævar Ciesielski var ásamt fleirum dæmdur í Hæstarétti í febrúar 1980 en hefur æ síðan haldið fram sakleysi sínu. Dómurinn grundvallaðist fyrst og fremst á játningum sakaborninganna. Nú virðist fullvíst að þessar játningar voru þvingaðar fram með margs konar löglausum aðferðum, m.a. pyndingum.

**Settur saksóknari í endurupptökumáli Sævars Ciesielski taldi í fyrra nægjanlegt að skrifa þriggja blaðsíðna greinargerð þar sem hann lagði til að Hæstiréttur hafnaði beiðni Sævars. Tvö atriði sem hann nefnir máli sínu til stuðnings eru beinlínis ósönn.**

**Sævar Ciesielski** notar stór orð um þá meðferð sem hann hefur mátt þola af íslenska réttarkerfinu. Ef dæma má eftir þeim upplýsingum sem fram hafa komið að undanförnu — og raunar einnig miklu fyrr — virðist Sævar reyndar hafa gott púður að baki þessum fallbyssuskotum sínum á íslenska réttarkerfið. Nýjasta dæmið um framkomu yfirvalda gagnvart honum hefur reyndar nokkra sérstöðu. Það er nefnilega hægt að sanna. Sönnunin liggur fyrir skjalfest og undirrituð af settum saksóknara í endurupptökumálinu sem nú verður senn til meðferðar hjá Hæstarétti. Þessi setti saksóknari sagði ósatt um tvö veigamikil atriði í skýrslu sem hann skilaði Hæstarétti fyrir einu og hálfu ári. Undir þessi ósannindi skrifaði **Ragnar Hall** nafnið sitt með eigin hendi.

## Var Sævar úti í sveit?

Það sem hér er um að ræða er vitnisburður **Viggós Guðmundssonar** leigubílstjóra sem ók Sævari alloft um það leyti sem **Guðmundur Einarsson** hvarf. Meðal annars ók Viggó Sævari a.m.k. tvisvar austur í Gljúfurárholt í Ölfusi. Þessar ferðir voru farnar föstudaginn 25. janúar og mánudaginn 28. janúar 1974. Guðmundur Einarsson hvarf sporlaust af spjöldum sögunnar aðfaranótt 27. janúar þetta sama ár. Það er því augljóst að allar dagsetningar skipta verulegu máli.

Þann 25. janúar 1974 ók Viggó Guðmundsson sem sagt Sævari austur í Gljúfurárholt. Þar bjuggu þá kunningjar hans, sem raunar lágu undir grun um fíkniefnamisferli.

Viggó Guðmundsson gaf lögreglunni a.m.k. tvisvar skýrslu um ökuferðir sínar með Sævar og önnur samskipti við hann. Þessar skýrslur eru gerðar 22. og 28. febrúar 1974 eða rétt um mánuði eftir að þeir atburðir áttu sér stað sem fjallað er um í skýrslunum. Um fyrri ökuferðina austur að Gljúfurárholti er haft eftir Viggó í lögregluskýrslu:

„Þann 25. janúar kvaðst kærði hafa keyrt Sævar að Gljúfurárholti í Ölfusi. Sævar var einn, og hafði með sér mat, enda ætlaði hann að dvelja þarna."

Í hinn skýrslunni segir svo:

„Ég ók Sævari nokkuð oft fyrstu dagana eftir heimkomu hans, meðal annars í tvö skipti að Gljúfurárholti í Ölfusi, sem er skammt austan við Hveragerði, í fyrsta skipti með matvæli, sem hann var búinn að kaupa, en þá ætlaði hann að fara með áætlunarbifreið, en missti af þeirri ferð…"

Af frásögn Viggós er nokkuð ljóst að Sævar hefur ætlað að hafa einhverja viðdvöl í Gljúfurárholti þótt vitaskuld verði ekki fullyrt hversu lengi hann hefur haft í hyggju að vera þar og þaðan af síður hversu löng dvölin varð. Þó virðist óhætt að fullyrða að Sævar hafi a.m.k. ætlað að vera í sveitinni yfir nótt og e.t.v. hefur hann haft í hyggju að vera þar yfir alla helgina.

## Ragnar breytti dagsetningu

Hvað sem um það má segja er óneitanlega kyndugt að Ragnar Hall skuli halda því fram í greinargerð sinni til Hæstaréttar að Viggó hafi ekið Sævari austur í Gljúfurárholt 24. janúar, sem sagt á fimmtudegi. Þessi fullyrðing hins setta saksóknara eykur á hinn bóginn líkurnar fyrir því að Sævar hafi verið kominn aftur í bæinn nægilega snemma til að geta verið viðriðinn manndráp í Hafnarfirði aðfaranótt sunnudagsins.

Auðvitað má hugsa sér að Ragnar Hall hafi einfaldlega misritað „24. janúar" í stað „25. janúar". En sé hér um misritun að ræða hefur settur saksóknari gerst sekur um ónákvæmni sem tæplega samrýmist því embætti sem hann er settur til að gegna. Slík ónákvæmni er ekki sérstaklega til þess fallin að auka trúverðugleika þeirrar niðurstöðu sem hann kemst að.

## Hverjir bjuggu í Gljúfurárholti?

Í greinargerð sinni til Hæstaréttar segir Ragnar Hall orðrétt um þessi atriði:

„Í skjali M rekur bifreiðarstjórinn akstur sinn með dómfellda eftir heimkomu þeirra frá Kaupmannahöfn í janúar 1974. Er þar getið um ferðir að Gljúfurárholti í Ölfusi 24. janúar og 28. janúar 1974. Dómfelldi hafi verið einn í fyrri ferðinni og þá haft mat meðferðis, enda ætlað að dvelja þar. Ekkert kemur fram um það í þessum gögnum hverjir réðu húsum á þessum stað eða hvenær eða hvernig dómfelldi fór aftur frá Gljúfurárholti eftir dvölina."

Í þessari einu málsgrein er beinlínis rangt farið með tvö atriði. Dagsetningin er færð til og auk þess gengur Ragnar Hall út frá því að ekki sé vitað hverjir hafi ráðið húsum í Gljúfurárholti á þessum tíma. Um íbúana er þó getið í lögregluskýrslu sem dagsett er 29. janúar 1974. Af heimilisfólki í Gljúfurárholti eru fjögur nafngreind í skýrslunni; **Benóný Ægisson**, **Örn Ingólfsson**, **Gígja Geirsdóttir** og **Guðmundur Einarsson**.

Þegar Ragnar Hall fjallar um þetta notar hann að vísu orðalagið „í þessum gögnum" þannig að með hæfilegri hártogun er hægt að hugsa sér að hann eigi einungis við skýrslurnar sem teknar voru af Viggó Guðmundssyni. Það er vissulega einnig hægt að hugsa sér að Ragnari hafi ekki verið kunnugt um lögregluskýrsluna þar sem getið er um íbúa í Gljúfurárholti. En sé svo hefur settur saksóknari ekki lagt mikla vinnu í að kynna sér málið sem hann var settur til að fjalla um.

## Varla orð um Geirfinn

Það er líka býsna athyglisvert að í þeirri stuttu greinargerð sem Ragnar Hall skilaði af sér eftir að hafa unnið að málinu um eins árs skeið víkur hann í raun varla orði að Geirfinnsmálinu. Af skýrslu Ragnars virðist helst mega draga þá ályktun að Sævar hafi einvörðungu farið fram á endurupptöku Guðmundarmálsins. Geirfinnur er einu sinni nefndur á nafn:

„Meðal þess sem dómfelldi **Sævar Marinó** var sakfelldur fyrir var stórfelld líkamsárás á **Guðmund Einarsson** aðfaranótt 27. janúar 1974, sem leiddi til dauða, og stórfelld líkamsárás á **Geirfinn Einarsson** aðfaranótt 20. nóvember 1974, sem leiddi til dauða. Voru líkamsárásir þessar í báðum tilvikum taldar varða við 218. og 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940."

Þetta er í eina skiptið á þeim fjórum síðum sem Ragnar Hall skilaði Hæstarétti sem hann nefnir Geirfinnsmálið. Það var þó á sínum tíma almennt álitið mun dularfyllra, einkum af þeim sökum að Geirfinnur átti stefnumót við einhvern eða einhverja ónefnda menn kvöldið sem hann hvarf og hafði á orði að kannski væri skynsamlegra að fara vopnaður.

Ragnar neitaði að svara spurningum blaðamanns HP um greinargerðina.



Ragnar Halldór Hall var settur ríkissaksóknari í endurupptökumálinu. Í greinargerð sem hann skilaði Hæstarétti eru tvö atriði beinlínis ósönn.

## Og hvað um upplognar sakir?

Sævar Ciesielski fór ekki einungis fram á að verða hreinsaður af Guðmundar- og Geirfinnsmálum. Hann var á sínum tíma einnig sakfelldur fyrir að hafa logið sökum á fjórmenningana, sem svo hafa jafnan verið nefndir, þá **Einar Bollason**, **Magnús Leópoldsson**, **Sigurbjörn Einarsson** og **Valdimar Ólsen**. Allt frá því að Sævar losnaði úr einangrun hefur hann haldið því fram að þegar hann nefndi þessa menn í sambandi við Guðmund og Geirfinn hafi það verið að fyrirsögn rannsóknaraðila og eftir pyntingar. Í beiðni sinni um endurupptöku fer hann því einnig fram á að vera hreinsaður af því að hafa logið sökum á aðra.

Settur ríkissaksóknari, Ragnar Hall, virðist heldur ekki hafa lesið beiðni Sævars nógu vandlega til að taka eftir þessu. Í greinargerð sinni til Hæstaréttar tekur hann sér vald til að skýra til hvaða þátta málsins endurupptökubeiðnin nái:

„Beiðni dómfellda Sævars Marinós verður að skýra svo að hann geri kröfu um endurskoðun á sakfellingu að því er hann varðar vegna þessara tveggja þátta málsins, en að hann geri ekki athugasemdir við niðurstöðu umrædds dóms um önnur ákæruatriði sem þar voru dæmd."

Þessi tilvitnun í greinargerð Ragnars kemur í beinu framhaldi af hinni síðustu (um líkamsárásina 29. nóvember 1974) þannig að þegar hann talar um tvo þætti málsins liggur einna beinast við að álykta að hann eigi við tvær líkamsárásir, — á Guðmund og Geirfinn. Ragnar er hér m.ö.o. að halda því fram að Sævar fari ekki fram á að verða hreinsaður að upplognum sakargiftum.

Þessi túlkun Ragnars Hall kemur óneitanlega illa heim og saman við orð Sævars í endurupptökubeiðninni sem Ragnar fékk til meðferðar. Sævar lýsti pyndingum í Síðumúlafangelsi ítarlega og vék þar einnig að því hvernig hann var látinn bendla fjórmenningana við málið með sömu aðferðum og hann var látinn játa sakir á sjálfan sig. Í lok greinargerðar sinnar segist Sævar gera kröfu til að vera hreinsaður af „fyrrnefndum málum". Flestu fólki þætti að líkindum eðlilegast að skilja þau orð svo að Sævar eigi við öll þau mál sem hann rakti í skýrslu sinni, þar með taldar þær sakir sem hann var dæmdur fyrir að hafa borið á fjórmenningana.

## „Þjónar réttvísinnar" í tugthúsið?

**Sævar Ciesielski** vill að þeir sem bera ábyrgð á hinni svonefndu „rannsókn" Guðmundar- og Geirfinnsmála verði látnir sæta ábyrgð. Þetta kom skýrt fram í máli hans á blaðamannafundi sem hann efndi til á föstudaginn. Þar kynnti Sævar einnig bók sem hann hefur nú gefið út um þessi mál.

*Dómsmorð* nefnist bókin og hefur að geyma megnið af þeim skjölum sem nú hafa verið lögð fyrir Hæstarétt vegna beiðni Sævars um endurupptökuna. Fyrirferðarmest er greinargerð **Ragnars Aðalsteinssonar** lögmanns, sem Hæstiréttur fól hlutverk réttargæslumanns Sævars í málinu. En í bókinni er einnig að finna skýrslu Sævars sjálfs þar sem hann rekur gang þessara mála eins þau bitnuðu á honum. Þá birtir Sævar ennfremur í bókinni álit **Ragnars Hall**, setts ríkissaksóknara í málinu. Ragnar lagði til fyrir einu og hálfu ári að Sævari yrði synjað um endurupptöku málsins og rúmaðist það álit hans ásamt rökstuðningi á fjórum blaðsíðum.

## Látnir svara til saka

Sævar fór ekki dult með þá skoðun sína á blaðamannafundinum á föstudaginn að hann gerði kröfu til þess að þeir sem báru ábyrgð á pyndingum í Síðumúlafangelsinu og þvinguðu fram játningar á sínum tíma yrðu nú látnir svara til saka.

Það hefur reyndar margoft komið fram að þeir menn sem rannsökuðu Guðmundar- og Geirfinnsmál á sínum tíma hafi ekki fylgt reglum. Ragnar Aðalsteinsson fjallar ítarlega um þetta atriði í greinargerð sinni og niðurstaða hans er sú að lögum og reglum hafi einungis verið fylgt í undantekningartilvikum.

Í bók Sævars er raunar að finna fjöldann allan af nýjum upplýsingum auk þess sem nýju ljósi er varpað á upplýsingar sem lágu fyrir þegar dæmt var í málinu en virðast þá ekki hafa verið taldar skipta máli. Það er því vandséð að íslenska réttarkerfið komist hjá að taka þessi mál upp og rannsaka þau frá grunni.

Svo virðist nú sem þessi nærri aldarfjórðungsgömlu sakamál séu að snúast upp í andhverfu sína. Æ fleiri hafa að undanförnu sannfærst um að ekki sé líklegra að ætla að Sævar Ciesielski, og þau sem dæmd voru með honum, hafi framið þessi morð en hver annar. Ef einhver morð voru þá yfirleitt framin. Á hinn bóginn virðist varla fara á milli mála lengur að Guðmundar- og Geirfinnsmál séu sakamál í öðrum skilningi. Í þeim skilningi eru það „þjónar réttvísinnar" sem eru glæpamennirnir, þeir sem héldu fólki í einangrun árum saman og pynduðu það til sagna, — mennirnir sem skálduðu upp tvö morð og pynduðu nokkur ungmenni til að skrifa undir þessar skáldsögur.

Slíkt er auðvitað lögbrot — og var lögbrot þegar það gerðist. Verði þessir „þjónar réttvísinnar" fundnir sekir gæti svo farið að þeir þyrftu að flytja sig — ekki hinum megin við borðið — heldur hinum megin við rimlana.

Jón Daníelsson, grein 5 af 9, framhald.



**Bréfaskiptin í Síðumúlafangelsinu voru ekki milli sakborninga í GG-málum. Sævar Ciesielski var vissulega einn þeirra en Örn Sigfússon ekki. Bréfin voru bundin í greiðu sem skutlað var undir klefahurðina og þvert yfir ganginn. Erni Sigfússyni tókst að smygla út úr fangelsinu nokkrum bréfum frá Sævari. Fjölmiðlar gáfu í skyn á þessum tíma að bréfin væru aðferð sakborninga til að samræma framburð sinn. Svo var ekki. Þau voru eins konar neyðarkall frá Sævari til umheimsins. Auk þessara bréfa voru allmörg bréf gerð upptæk innan fangelsisins. Til bréfanna hefur ekki spurst síðan 1976. Það bendir til að efni þeirra hafi ekki verið hagstætt ákæruvaldinu.**

laust reiðubúinn að semja um miklu lægri upphæð. Það var því ekki verðið sem kom í veg fyrir að hið frjálsa, óháða, unga dagblað birti neyðarkall Sævars Ciesielskis og ýmis sjónarmið hans sem fram komu í þessum bréfum. Ástæðan liggur raunar í augum uppi. Það var ekki hagkvæmt fyrir Dagblaðið að birta bréfin. Fréttaflutningur þess af málinu byggðist allur á sekt Sævars og annarra sakborninga. Með því að birta bréfin hefði blaðið auk þess bakað sér óvild lögreglu og fangavarða og hefði t.d. verið útilokað frá lögreglufréttum.

Að því er fram kemur í fangelsisdagbók hefur Jón Thors, deildarstjóri í dómsmálaráðuneytinu, haft af því spurnir að Örn Sigfússon hafi boðið Vísi bréfin til kaups. Örn bauð Samúel líka bréfin og sagðist í samtali við blaðið hafa haft samband við Vísi, Dagblaðið og *Tímann*. Vísir og Tíminn hafi neitað en Dagblaðið sýnt áhuga. Samúel náði samkomulagi við Örn um að borga honum 40 þúsund fyrir bréfin, en áður en viðskiptin fóru fram var búið að handtaka Örn og gera bréfin upptæk.

Vísir og Dagblaðið birtu fréttir um málið sama daginn, þann 16. júní 1976. Í frétt Dagblaðsins kemur greinilega fram að þar hafa menn fengið að sjá bréfin, eða a.m.k. einhver þeirra, og átt kost á að birta þau. Það taldi blaðið ástæðulaust „eftir að hafa kynnt sér efni þeirra“.

Samúelsgreinin og fangelsisdagbókin eru sannferðugustu samtímaheimildirnar um bréfaskiptin. Í Samúelsgreininni er haft eftir Erni Sigfússyni að hann hafi sent Sævari sígarettur undir klefahurðirnar auk þess sem allmörg bréf hafi farið á milli þeirra. Í fangelsisdagbók kemur heldur ekki fram að nein bréfaskipti hafi verið á milli annarra klefa.

## Fangelsið hriplekt?

Það var þó á þessum tíma hald manna að ungmennin sem sátu í varðhaldi vegna Guðmundar- og Geirfinnsmála hefðu skipst á bréfum. Þetta var fyllilega gefið í skyn í frétt Dagblaðsins. Fyrirsögnin og raunar fréttin öll gaf til kynna að fangelsið væri hriplekt og fangarnir skiptust á upplýsingum. Í frétt Dagblaðsins var meira að segja minnst á bréf sem Sævar hafði átt að fá frá Erlu og einhver hafði átt að skjóta undir hurðina hjá honum. Það gat tæpast nokkur hafa gert nema fangavörður.

Þessi póstþjónusta í fangelsinu var mörgum kærkomin frétt á þessum tíma. Hún útskýrði nefnilega hvernig á því gat staðið að gæsluvarðhaldsfangar breyttu framburði sínum allir samtímis. Bréfamálið skýrði fyrir almenningi hvernig á því stóð að saklausir menn höfðu verið hafðir í haldi mánuðum saman vegna framburðar Sævars, Kristjáns Viðars og Erlu. Þau höfðu einfaldlega skrifast á til að samræma framburði sína.

Hitt virðist ekki hafa hvarflað að nokkrum þeirra blaðamanna sem sáu bréfin að eitthvað kynni að vera athugavert við meðferðina sem fólk sætti í Síðumúlanum. Það hefði þó átt að vera auðséð á efni bréfanna. Nú er vitað að von Sævars var sú að dómsmálaráðuneytið fengi með þessu móti vitneskju um mannréttindabrotin í fangelsinu. Sævar var tvítugur að aldri og það virðist aldrei hafa hvarflað að honum að dómsmálaráðuneytið vissi hvað var að gerast innan veggja í Síðumúla 28. Því síður virðist hann hafa gert sér grein fyrir því að hinum virðulegu embættismönnum í ráðuneytinu kynni jafnvel að vera skítsama hvernig farið væri með hann.

## Sönnunarbyrðin

Það er nokkuð merkilegt að því skuli enn haldið fram að gæsluvarðhaldsfangarnir hafi samræmt framburð sinn með bréfasendingum milli klefa. Þó virðist það enn fast í huga margra að einmitt þannig hafi legið í málinu. Nærtækast er að vitna til orða **Jónatans Þórmundssonar** prófessors í nýlegum *Víðsjárþætti* á *Rás 1* í útvarpinu. Jónatan talaði þar um að sakborningar hefðu reynt að bjarga sér af bestu getu „með því að koma skeytum hver til annars“ og var þar greinilega að vísa til bréfamálsins.

Sú draugasaga lifir sem sagt enn góðu lífi að bréfaskiptin í Síðumúla hafi verið samráð sakborninga um að samræma framburð sinn.

Varðandi bréfamálið eru sem sagt til tvær kenningar. 1) Bréfin voru neyðarkall Sævars til umheimsins, einskonar neyðaróp úr því víti sem hann var í. 2) Bréfin voru samráð sakborninga til að samræma framburð.

Hvoruga þessa kenningu er unnt að sanna nema bréfin komi í leitirnar. Hvarf þeirra styður hins vegar fyrri kenninguna ótvírætt. Og sönnunarbyrðin hlýtur að teljast hvíla á þeim sem taldi sér hagstæðast að týna bréfunum, — ákæruvaldinu.

**Jón Daníelsson**

Jón Daníelsson, grein 9 af 9. Helgarpósturinn (HP) 24. júlí 1997.



**HP fjallar um umfangsmestu sakamál aldarinnar:**

**Hvað gerðist í Síðumúlafangelsinu?**

# Farðu inn í klefa og hengdu þig

Í næstsíðasta blaði var greint frá rannsókn sakadómaranna **Gunnlaugs Briem**, **Ármanns Kristinssonar** og **Haraldar Henryssonar** á ásökunum **Sævars Ciesielski** á hendur rannsóknarlögreglumönnum, fangavörðum og fleirum. Þar var birt bókun Sævars fyrir réttinum þann 29. mars 1977 og vísast til þeirrar greinar um ásökunaratriðin í fullri lengd. Þeim til glöggvunar sem kunna að hafa misst af síðasta blaði eru þó þessi atriði rifjuð upp í punktaformi í ramma hér á síðunni.

Síðast voru raktir framburðir rannsóknarlögreglumannanna **Eggerts Bjarnasonar** og **Sigurbjarnar Víðis Eggertssonar**, sem einfaldlega neituðu öllum ásökunum og allri vitneskju um annað en að allur aðbúnaður og meðferð í fangelsinu væri til fyrirmyndar. Framburður **Erlu Bolladóttur** setti þó nokkurt strik í reikninginn, eða hefði átt að gera það ef eitthvert mark hefði verið tekið á henni.

Nú höldum við áfram þar sem frá var horfið síðast og snúum okkur að framburðum fangavarðanna sem voru að störfum í Síðumúlafangelsi á árinu 1976.

## Gunnar Marinó Marinósson varðstjóri

Þann 1. apríl 1977 mætti **Gunnar Marinó Marinósson**, 52 ára varðstjóri í Síðumúlafangelsinu, fyrir réttinn sem vitni og var áminntur um sannsögli. Honum var kynnt bókun Sævars. Síðan segir:

„Vitnið kannast ekki við það er ákærði heldur þar fram. Kveðst vitnið hvorki hafa séð né heyrt það, er ákærði segir. Vitnið varð aldrei vart við það, að ákærði Sævar Marinó sætti illri meðferð í fangelsinu við Síðumúla á meðan hann var þar í gæsluvarðhaldi vegna máls þessa.“

Gunnar Marinó Marinósson varðstjóri bar ljúgvitni þegar hann gaf þennan vitnisburð. Tæpu ári áður, þann 24. maí 1976, urðu Sævar og **Örn Sigfússon** uppvísir að því að senda bréf milli sín, undir klefahurðirnar og þvert yfir ganginn. Sævar fékk líka tóbak frá Erni, en hann var þá í tóbaksbanni, sem auðvitað er út af fyrir sig ill meðferð þegar reykingamaður á í hlut. Þá skrifaði Gunnar í fangelsisdagbók Síðumúlafangelsisins:

„Báðir mennirnir eru í fótajárnum og skulu vera það þangað til annað verður ákveðið.“ Og um Sævar bætti Gunnar við: „Sæng hans var tekin af honum og teppi sett í staðinn svo önnur sængurföt þarf hann ekki.“

Fótajárn voru ekki leyfileg á þessum tíma en það bann var ekki virt í Síðumúlafangelsinu.

## Skúli Ævar Steinsson

Næstur kom fyrir réttinn Skúli Ævar Steinsson fangavörður og virðist hafa réttarstöðu grunaðs manns. Hann er titlaður „mætti“. Eftirfarandi er bókað eftir honum:

„Mætti kveður hafa gengið mjög illa að fá ákærða til að þrífa sig og eins til að þrífa klefa sinn. Mætti man eftir því að einhvern tíma meðan á gæsluvarðhaldinu stóð neitaði ákærði að fara í bað og eins að þrífa klefa sinn. Kveðst mætti þá hafa tekið utan um ákærða og farið með hann fram á bað, sett hann þar inn og læst því. Ákærði fór í bað og þreif síðan klefa sinn á eftir. Síðan hlýddi ákærði alltaf mætta um að þrífa sjálfan sig og klefa sinn. Ákærði var ekki beittur neinum harðræðum í umrætt sinn og ekki var minnst á þetta mál eða Geirfinnsmálið í því sambandi, enda ekki í verkahring mætta. Lýsing sú sem ákærði gefur á meðferðinni á sér sé fjarri öllu lagi.“

Svo mörg voru þau orð. Það væri kannski fátt við þennan framburð að athuga ef öllum öðrum bæri saman við hann. En svo er ekki.

## Kjartan Kjartansson

Þann 15. apríl 1977 kom **Kjartan Kjartansson**, 44 ára fangavörður, fyrir réttinn sem vitni og er áminntur um sannsögli. Bókun Sævars var lesin en Kjartan kvaðst ekki af eigin raun geta borið um það sem þar kom fram. Síðan segir í skýrslunni:

„Vitnið minnist þess að hafa heyrt talað um að **Örn Höskuldsson** hafi viðhaft þau ummæli, er í niðurlagi bókunarinnar greinir, en getur ekki staðhæft hvort það var viðstatt.

Vitnið kveðst ekki hafa verið viðstatt yfirheyrslur yfir ákærðu. Vitnið kveðst því ekki geta borið um af eigin raun, hvort beitt hafi verið líkamlegu ofbeldi við ákærða Sævar Marinó, en vitnið heyrði, að yfirheyrslurnar voru ákaflega hávaðasamar. Vitnið varð ekki vart við að ákærði Sævar Marinó væri beittur ofbeldi eða hótunum um ofbeldi í fangelsinu. Vitnið varð vart við það, að fangaverðir virtust yfirheyra ákærða Sævar Marinó, eða blanda sér að óþörfu í hans mál. Nefnir vitnið í því sambandi Skúla Steinsson og **Högna Einarsson**. Ekki var það þó gert að beiðni rannsóknarmanna, að það viti til. Vitninu fannst ákærði Sævar Marinó sæta meira harðræði í fangelsinu en aðrir fangar í sama máli, að vitninu fannst að ástæðulausu, þar sem Sævar hafi hegðað sér afburðavel frá sjónarmiði fangavarðar. Ekki varð vitnið vart við það að ákærði Sævar sýndi tregðu á að þrífa sig og klefa sinn.“

## Hengdu þig

Áður en lengra er haldið er rétt að rifja upp forsöguna að baki þeirra ummæla Arnar Höskuldssonar sem Kjartan kannaðist við að hafa heyrt talað um. Sævar hefur sagt frá sínum þætti í aðdragandanum að handtöku **Einars Bollasonar**, **Magnúsar Leópoldssonar** og **Valdimars Olsen**. Smiðir voru um þessar mundir að vinna við Síðumúlafangelsið og Sævari var sagt að verið væri að setja skothelt gler í glugga vegna þess að einhver hefði í hyggju að myrða hann. Honum var líka sagt að Erla væri í lífshættu. Rannsóknarmenn kváðust vita hverjir stæðu bak við símhringingar til Erlu og hótanir sem henni hefðu borist. Nú þurftu þeir á aðstoð Sævars að halda til að ná þessum mönnum. Sævar var beðinn að gera lögreglunni greiða sem seint myndi gleymast. Hann þurfti einungis að segjast hafa farið til Keflavíkur með þessum mönnum. Sævar gaf skýrslu 22. janúar 1976.

Í bók *Þorsteins Antonssonar Áminntur um sannsögli* segir Sævar þannig frá framhaldinu:

„Þann 26. janúar var ég boðaður í hornherbergið. Þar sátu Örn, Eggert og **Sigurbjörn Víðir**. **Gunnar Marinósson** var á vakt. Örn segir að hann sé búinn að fangelsa lýðinn. Ég segi gott, þá þurfið þið ekki á mér að halda lengur. Ég gekk svo eftir því að það yrði tekin af mér skýrsla þess efnis að ég hefði gefið fyrri skýrslu vegna beiðni þeirra svo hægt væri að verja barnsmóður mína. Þá þóttist Örn ekki kannast við neitt samkomulag heldur sagði: **Kristján** er búinn að játa að hafa farið til Keflavíkur og hann segir að þú hafir verið með í ferðinni. Ég sá nú að það höfðu verið þeir sjálfir sem stóðu bak við hringingarnar til Erlu. Ég sagði þeim hvaða álit ég hefði á þeim, en Örn sagði: Þú getur farið inn í klefann þinn og hengt þig. Og við Gunnar Marinósson sagði hann: Lánaðu honum reipi svo að hann geti hengt sig.“



Sakadómararnir Ármann Kristinsson, Gunnlaugur Briem og Haraldur Henrysson rannsökuðu til málamynda ásakanir Sævars um meðferðina í fangelsinu. Fleira kom fram en þeir ætluðust til. En það hafði engin áhrif á dómarana þrjá. Rannsókn þeirra var til málamynda.

## Ljóstruflanir í geislabaug

Hafi núverandi forseti Hæstaréttar og meðdómendur hans litið svo á að rannsóknarmenn og fangaverðir í Síðumúla væru nánast heilagir menn með hreina samvisku sem ævinlega færu eftir handbókinni í einu og öllu hefði framburður Kjartans að minnsta kosti átt að vekja með þeim grunsemdir um ljóstruflanir í geislabaugunum um höfuð þessara manna.

Framburður Kjartans sker sig úr öðrum og nokkur atriði hefðu átt að vekja sterkar grunsemdir. Ummæli Arnar Höskuldssonar voru afar illa sæmandi rannsóknardómara ef sönn voru. Kjartan kveðst hafa heyrt talað um þau. Ef við göngum út frá að Kjartan hafi verið að segja satt hafa þessi ummæli sem sagt verið á allra vitorði og umtalsefni í hópi fangavarðanna. Miðað við það sem nú er vitað um andrúmsloftið í fangelsinu er líklegast að þau hafi þótt fyndin og „gott hjá Erni að láta kvikindið heyra það“.

Kjartan telur Sævar hafa sætt meira harðræði en aðra. Harðræði var sem sagt ekki óþekkt í fangelsinu. Hann varð líka var við yfirheyrslur fangavarða en varð ekki var við tregðu Sævars til að þrífa sig. Að vísu er bókað eftir honum að hann hafi ekki orðið var við að Sævar hafi verið beittur líkamlegu ofbeldi eða hótunum um það. Kannski hefur Kjartan verið hikandi, ekki verið fyllilega viss um hversu mikið sér væri óhætt að segja. Skýrslutökunni var í raun lokið, búið að lesa skýrsluna fyrir hann og hann hafði játað að rétt væri bókað þegar hann ákvað skyndilega að bæta einu atriði við.

## Tólfta ásökunin bætist við

„Upp lesið, játað rétt,“ stendur í skýrslunni. Þetta táknar venjulega að skýrslunni sé lokið. En Kjartan hefur frá meiru að segja:

„Vitnið skýrir frá því, að því finnist vanta eitt atriði enn í og segir orðrétt: „Ég var þarna ásamt fleiri fangavörðum staddur í milliherbergi milli varðstofu og yfirheyrslusalar fangelsisins, sem er fyrst til hægri, er inn í fangelsið kemur. Að yfirheyrslu þeirra Eggerts Bjarnasonar og Sigurbjörns Víðis liðinni fannst mér, að yfirheyrslunni ætti að vera lokið. Svo var þó ekki. Gekk **Gunnar Guðmundsson**, yfirfangavörður, þá mjög berserkslega inn í yfirheyrsluherbergið og upphófst vægast sagt allmikill hávaði og ég leit í augu nærstaddra fangavarða. Ég var ekki viss um, hverjum bæri að opna hurðina og athuga, hvað þarna færi fram. Þegar ég sá ekki að neinn hefði kjark til að athuga hvað væri að gerast opnaði ég hurðina. Ég sá ekki að Gunnar Guðmundsson væri í hættu staddur, en mér virtist sem Sævar Marinó hefði verið svínbeygður, enda hefði hann ella ekki kallað: „Stilltu þig, stilltu þig, Gunnar, Gunnar“. Gunnar Guðmundsson skipaði mér að loka tafarlaust. Ekki heyrði ég að fleira gerðist þarna inni.“

Upplesið, játað rétt.“

Eins og áður segir má skipta bókun Sævars frá 29. mars í ellefu kæruatriði. Kjartan Kjartansson bætti því tólfta við. Sævar hefur síðar skýrt svo frá að þarna hafi Gunnar verið búinn að snúa upp á skyrtukragann svo að honum lá við köfnun. Hér er sláandi að dómararnir þrír skyldu ekki spyrja Kjartan hvaða fangaverðir hafi verið staddir þarna ásamt honum. Dómurum bar beinlínis skylda til að yfirheyra þá um þetta atvik. En eins og víðar í rannsókn þessa máls virðist engin ástæða hafa þótt til að rannsaka til hlítar það sem sakborningum gat verið í hag.

## Ari Ingimundarson

Strax á eftir Kjartani kom fyrir dóminn sem vitni **Ari Ingimund-**

### Helstu atriðin

1. **Beittur líkamlegu ofbeldi af rannsóknarmönnum**
2. **Beittur líkamlegu ofbeldi af fangavörðum**
3. **Hótað af Tryggva Rúnari**
4. **Hótað af Kristjáni Viðari**
5. **Erla hótaði að fremja sjálfsmorð**
6. **Sigurbjörn Víðir hótaði lífstíðaröryggisgæslu. (Haft eftir Hallvarði Einvarðssyni)**
7. **Hallvarður Einvarðsson lofaði að Sævar fengi að týnast í amerísku fangelsi**
8. **Sigurbjörn Víðir lét Tryggva Rúnar Leifsson ráðast á Sævar**
9. **Sleginn í andlit og fleygt í stól af Sigurbirni Víði í viðurvist Ara Ingimundarsonar**
10. **Kaffærður í vaski af Skúla Steinssyni í viðurvist Jóhanns Friðjónssonar og Guðjóns**
11. **Örn sagði við Sævar: „Farðu inn í klefa og hengdu þig.“ Við Gunnar Marinósson sagði Örn: „Lánaðu honum reipi, svo að hann geti hengt sig.“**
12. **Misþyrmt af Gunnari Guðmundssyni**

### Greinaröð *HP*

Þetta er 9. greinin í umfjöllun **Helgarpóstsins** um Guðmundar- og Geirfinnsmálin.

**Áður hafa birst:**

- *Ragnar Hall sagði Hæstarétti ósatt*
- *Skildu ekki grundvöll sakamálaréttarfarsins*
- *Leirskáldin í lögreglunni*
- *Vakri-Skjóni hann skal heita*
- *Neyðaróp úr Víti*
- *Velvild fangavarðanna var Þóri Oddssyni lífsnauðsyn*
- *Hvað gerir Hæstiréttur?*
- *Þú færð lífstíðarfangelsi ef þú játar ekkiþ*